
1976 nr. 17 19. mars
Lög um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa

■ **1. gr.** ...¹⁾

¹⁾ L. 24/1986, 13. gr.

■ **2. gr.** [Viðskiptabanki útvegsmanns skal skila því fé, sem greiða skal á reikning hvers fiskiskips skv. 2. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, inn á reikning Landssambands íslenskra útvegsmanna hjá viðkomandi banka til greiðslu iðgjalda af váttryggingu skipsins.]¹⁾

□ Landssamband íslenskra útvegsmanna skal mánaðarlega skila andvirði þessu til viðkomandi váttryggingarfélaga, að þeim hluta, sem þarf til greiðslu váttryggingariðgjalds hvers skips, enda liggi fyrir samkomulag milli Landssambands ís-

lenskra útvegsmanna og váttryggingarfélaganna um váttryggingar fiskiskipa, sbr. þó ákvæði laga um bátaábyrgðarfélög, nr. 41/1967,²⁾ með síðari breytingum, og laga nr. 47/1967,³⁾ um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, með síðari breytingum.

¹⁾ L. 24/1986, 13. gr. ²⁾ Nú l. 18/1976. ³⁾ Nú l. 37/1978.

■ **3. gr.** Við árslok skal endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins, er kann að verða umfram greiðslu váttryggingariðgjalda. Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr, séu váttryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.

■ **4. gr.** Vextir af innistæðum á bankareikningum Landssambands íslenskra útvegsmanna skulu renna til greiðslu kostnaðar við innheimtu og skil iðgjaldagreiðslna samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti, sem þeir hrökkva til.

■ **5. gr.** Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi ...